

AUGLÝSING

um varúðarráðstafanir í Vestur-Skaftafellssýslu gegn útbreiðslu smitandi búfjárjúkdóma.

Að tillögu sauðfjárjúkdómanefndar og skv. heimild í 45. gr. 1. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárjúkdóma og útrýmingu þeirra nr. 23/1956 eru hér með settar svofelldar reglur um varúðarráðstafanir í Vestur-Skaftafellssýslu gegn útbreiðslu smitandi búfjárjúkdóma:

1. gr.

Reglur þessar taka til svæða sem afmarkast af eftirfarandi varnarlínunum: **Sólheimasandslínu** vestan Jökulsár á Sólheimasandi í Sólheimajökul. **Mýrdalssandslínu** úr Blautukvísl austan Hafurseyjar á Moldheiði. **Skeiðarársandslínu**.

2. gr.

Skipuleggja skal slátrun og flutning sláturgripa með tilliti til smithættu og skulu sláturleyfishafar leggja áætlanir sínar um framangreind efni fyrir viðkomandi héraðsdýralækni til staðfestingar.

Slátrun sauðfjár úr Mýrdalshreppi, Áltavershreppi og Skaftártunguhreppi skal fara fram í Vík í Mýrdal og slátrun sauðfjár úr Leiðvallahreppi, Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi skal fara fram á Kirkjubæjarklaustri nema sauðfjárjúkdómanefnd samþykki annað.

Við slátrun í Vík í Mýrdal skal ekki slátra nema úr öðru varnarhólfnum sömu vikuna. Í síðustu viku slátrunar má víkja frá þessu að höfðu samráði við héraðsdýralækni.

3. gr.

Sláturgripabílar skulu hreinsaðir daglega, en sauðfjárjúkdómanefnd getur gefið fyrirmæli um frekari sóttthreinsunaraðgerðir, þegar flutt er frá einstökum bæjum. Ekki má flytja lífgripi með sláturgripabílum.

Við sláturhúsin skal vera aðstaða til að þvo og sóttthreinsa flutningstæki með heitu vatni og háþrýstidælu. Þar skal einnig vera aðstaða til sóttthreinslunar á fótabúnaði og hlífðarfötum starfsfólks og allra þeirra sem koma í sláturfjárrétt. Festa skal upp leiðbeiningar um þessi atriði fyrir fjáreigendur og starfsfólk.

4. gr.

Algjört bann er við flutningi óverkaðra sláturafurða yfir varnarlínur til heimanotkunar. Óheimilt er að flytja óverkaðar sláturafurðir frá sláturhúsi til staða innan varnarhólfanna til vinnslu fyrir sölu nema með samþykki héraðsdýralæknis.

5. gr.

Búfjársýningar skulu háðar leyfi héraðsdýralæknis.

Öll sala eða hliðstæðir flutningar sauðfjár til lífs milli sveitarfélaga innan varnarhólfs eru bannaðir nema sveitarstjórn og héraðsdýralæknir, á þeim stað sem flytja á féð til, samþykki.

6. gr.

Flutningur til sýslunnar og milli varnarhólfa í sýslunni á heyi, heykögglum, hálm, túnþökum, gróðurmold, sláturúrgangi og hrámeti til fóðurs eru bannaðir án samþykkis sauðfjársjúkdómanefndar.

Vélar, tæki og áhöld sem óhreinkast hafa af sauðfé, skal sótthreinsa áður en þau eru flutt til sýslunnar eða milli varnarhólfa. Héraðsdýralæknir skal staðfesta sótthreinsun með vottorði.

7. gr.

Um brot gegn auglýsingu þessari fer eftir 46. gr. l. nr. 23/1956, sbr. 25. gr. l. nr. 75/1982. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. september 1984.

Jón Helgason.

Tryggvi Gunnarsson.